

28. október 2019 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Málþing um börn og samgöngur



Haraldur Jónasson / Hari

Málþing um börn og samgöngur verður haldið **mánudaginn 18. nóvember** (ath. ný dagsetning) frá kl. 12:30 til 16:30 á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í samvinnu við Samgöngustofu, Vegagerðina og Samband íslenskra sveitarfélaga. Málþingið verður haldið í Sveinatungu á Garðatorgi (Ráðhúsi Garðabæjar).

Á þinginu munu bæði ungir sem aldnir taka til máls og ræða stöðu barna í samgöngum í víðu samhengi. Í kjölfar fyrirlestra verða pallborðsumræður. Málþingið er öllum opið en nauðsynlegt er að skrá sig. Fundinum verður streymt í beinni útsendingu á vef Stjórnarráðsins.

Skráning á málþingið

Dagskrá

12:30 – Málþing sett

Ávörp

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Þórunn Egilsdóttir, formaður samgönguráðs

Umferðaröryggi - okkar mál!

Karín Óla Eiríksdóttir, formaður ungmennaráðs Grindavíkur

Hvernig við sjáum umferðaröryggið.

Atli Þór Jónsson og **Fannar Freyr Atlason**, björgunarsveitarmenn í Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu

Samstarf við Samgöngustofu um að efla umferðaröryggi grunnskólabarna í sveitarfélaginu

Ólafur Hilmarsson, deildarstjóri við Grunnskólann í Hveragerði

„Komiði með hætturarnar!“ Skipulag, þjóðvegir og börn.

Erna Bára Hreinsdóttir, forstöðumaður hjá Vegagerðinni

Pallborð með fyrirlesurum fyrir hlé

14:20 – Kaffihlé

Hagnýting sálfræðilegrar þekkingar til að breyta ferðavenjum

Sigrún Birna Sigurðardóttir, samgöngu- og umferðarsálfræðingur

Mikilvægi umferðaröryggisáætlunar fyrir minni sveitarfélög

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps

Öryggi barna í Reykjavík

Berglind Hallgrímsdóttir og **Höskuldur Kröyer**, samgönguverkfræðingar hjá Eflu og Trafkon

Pallborð með fyrirlesurum eftir hlé

Gamanmál

16:30 – Málþingi lýkur

Fundarstjóri er **Ragnhildur Hjaltadóttir** ráðuneytisstjóri.

Efnisorð